



## 10. fundur aðalstjórnar haldinn í vallarhúsi félagsins að Varmá.

Aðalstjórn Aftureldingar fundaði miðvikudaginn 4. feb. 2015 í vallarhúsinu að Varmá kl. 20:15.

Mætt: Gudjon Helgason (GH) Hekla Klemenzdóttir (HK) Geirarður Long (GL) Anna Sigurðar (AS) og Auður Gunnarsóttir (AG). Einnig sátu Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins og Ester Sveinbjörnsdóttir (ES) verkefnastjóri fjármála fundinn.

Eymundur Sigurðsson og Lára Berglind Helgadóttir boðuðu forföll.

---

Eftir ágætis fund með formönnum deilda félagsins var haldinn stuttur stjórnarfundur í aðalstjórn félagsins. Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Úthlutun afreksstyrkja 2015.

Farið var yfir nokkur bókhaldsleg atriði varðandi úthlutun afreksstyrkja sem framkvæmdastjóri óskaði eftir að aðalstjórn tæki afstöðu til svo hægt væri að klára úthlutun. Innborganir einstaklinga sem eru að fara í æfingaferðir til útlanda eða innanlands telja ekki sem tekjur til deilda, einungis fjáraflanir að frádregnum kostnaði við þær.

### 2. Keppnisbúningar fimleikadeildar.

Farið var yfir erindi frá fimleikadeild sem barst stjórn um búningamál. Samþykkt að leyfa fimleikadeild að nýta undanþágu í samningi við Errea sem er á þá leið að ef að Errea geti ekki útvegað viðunandi búninga megi deildin leita annað. Þetta á einungis við um keppnisbúninga fimleikadeildar, allir utanyfirbúningar og gallar skulu keyptir af Errea s.k. samningi er varða utanyfirgalla merкта félaginu.

### 3. Aðalfundur.

Stefnt er að aðalfundi miðvikudaginn 25. mars næstkomandi. Lagabreytingar og tilkynning um framboð til stjórnar þurfa að berast til framkvæmdastjóra félagsins fyrir 11. mars næstkomandi.

Fundi slitið 21:15

E. Hekla Klemenzdóttir  
( sign. )